

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK





LAUGARDAGINN 19. FEBRÚAR  
ER NÁMSKYNNING OG OPIÐ  
HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Á MILLI KLUKKAN 11 OG 16.



# ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



UPPLÝSINGAR UM DAGSKRÁ  
LAUGARDAGSINS OG NÁMS-  
LEIÐIR VIÐ HÍ MÁ FINNA Á  
[WWW.HI.IS](http://WWW.HI.IS).

HÁSKÓLI ÍSLANDS  
1911-2011

Allir geta kynnt sér fjölbreytt námsframboð háskólans, starfsemi og þjónustu, skoðað rannsóknastofur, tæki, búnað og húsakynni. Námsráðgjafar gefa góð ráð. Kynnt verður sú margþætta þjónusta og það fjölbreytta félagslíf sem stúdentum Háskóla Íslands stendur til boða.

**FJÖLBREYTTAR UPPÁKOMUR VERÐA Á ÖLLU HÁSKÓLASVÆÐINU  
OG KAFFIHÚSASTEMNING Á HÁSKÓLATORGI.**

**VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS.**



Hönnuður og umbrotsmaður Monitor, **Hilmar Gunnarsson**, eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum. Monitor óskar Hilmar og frú hjartanlega til hamingju með erfingjann.

# Meiri nekt í næstu bókabúð

*Glamúrþían Ásdís Rán setti nektarmynd af sér á Facebook á mánudaginn sem var tekin út af síðunni hið snarasta. „Ég vildi gleðja aðdáendurna í tilefni Valentínusardagsins,” segir Ásdís sem á 5.123 aðdáendur á Facebook.*

Stjórnendur Facebook tóku fram fyrir hendurnar á ofurskráunni Ásdís Rán þegar þeir fjarlægðu mynd sem hún birti á aðdáendasíðu sinni á Valentínusardaginn. „Ég vildi gleðja aðdáendurna í tilefni Valentínusardagsins,” segir Ásdís um myndina sem var úr seríunni sem hún gerði fyrir búlgarska Playboy í ágúst á síðasta ári. „Eins og gengur og gerist á Facebook eru alltaf einhverjar kvartanir sem berast til stjórnenda síðunnar yfir nektarmyndum,” bendir Ásdís á og segir þetta ekki hafa komið sér á óvart. „Það þurfa ákveðið margar kvartanir að berast til þess að myndir séu teknar út,” bendir hún á en myndin sem hún setti inn á síðuna var tekin út innan tveggja klukkustunda. „Þetta gerðist mjög snögg og mínu tilviki.”

## Margir aðdáendanna eru konur

Aðdáendur Ásdísar á Facebook voru því ekki lengi að tilkynna nektarmyndina sem hún setti þó inn til að gleðja þá. „Ég er náttúrulega með yfir fimmpúsund manns á aðdáendasíðunni á Facebook og alveg 40% þeirra eru konur,” segir Ásdís og bætir við að þeim finnst kannski ekki rétt af henni að setja slíka mynd inn á síðuna. Hún telur þó aðdáendur sína ekki endilega hafa verið að verki. „Það er fullt af fólki skráð á síðuna mína sem vill bara fylgjast með því sem ég er að gera,” bendir hún á enda hafi fjölmargir aðdáendur skrifað skemmtilegar athugasemdir við nektarmyndina meðan hún birtist á síðunni. „Ég fékk alveg hundrað komment strax og allir voru rosa ánægðir.”

## Börn geta ekki skoðað myndirnar

Ásdís er ekki sátt við kvartanirnar sem voru sendar inn því þeir sem geti skoðað síðuna séu allir eldri en 18 ára. „Aðdáendasíðan mín á Facebook er stillt á 18+ svo það ættu engir undir þeim aldri að geta skoðað myndirnar mínar,” útskýrir hún. „Þess vegna finnst mér asnalegt að fólk sé að kvarta yfir nektarmyndum á síðunni því það er hægt að sjá meiri nekt en þetta í

næstu bókabúð,” segir Ásdís sem kippir sér þó ekki upp við atvikið og heldur áfram með lífið í Þýskalandi.

## Ný lína á leiðinni frá IceQueen

Þessa dagana er Ásdís að vinna í að markaðssetja snyrtivörulínauna IceQueen Beauty Kit í Búlgaríu. „Svona ferli tekur alltaf einhvern tíma og er mikil vinna en vonandi kemst þetta í gegn á næstu vikum,” segir Ásdís sem er einnig að vinna í nýrri línu fyrir sumaríð. „Þetta verður heitari sumarlína með gull- og bronslitum og auðvitað sólarpúðri,” útskýrir ofurgellan Ásdís Rán sem virðist hafa einstaklega gott nef fyrir viðskiptum.



## Monitor mælir með

### FYRIR BUDDUNA

**Mánudagsbíó** er nýmæli í Háskólabíói. Í tilefni af 50 ára afmæli bíósins er boðið upp á sýningar myndum úr safni og kostar miðinn einungis 300 krónur. Næsta mánudag verða myndirnar Blár, Hvítur og Rauður úr Litaseríunni eftir Krzysztof Kieslowski sýndar og vikuna á eftir er það Schindler's list.



**Í MALLANN** Humarsamlökan á Frú Berglaugu við Laugaveg er draumur humarelskenda enda eru humarhalarnir ekki sparaðir, né hvítlaukurinn.



Einnig er hún toppuð með gómsætu grænmeti og mangó og verðið er sanngjarnt, 1.890 krónur.


### FYRIR EURO-NÖRDIN

Ef þú hefur gaman af Eurovision ættirðu að fylgjast með hinni rsiavöxnu sænsku undankeppni, **Melodifestivalen**. Margir hafa aðgang að sænska sjónvarpinu, SVT en þar fara nú fram undankeppnir á laugardagskvöldum klukkan 19 að íslenskum tíma en einnig má horfa á vefsíðunni SVT.se.



## Vikan á...

# facebook



**Árni Torfason**  
Er hægt að gera hide á þetta helvítis 30 day song challenge sem annar hver maður á facebook er að vesenast í.

16. febrúar kl. 12:26



**Ragnheiður Gröndal**  
Í fyrra var það Mottu-Mars, nú er það Skalla-Mars..... ó nei, hvar endar þetta? Ég vil ekki að íslenskir karlmenn séu að gera sig svona asnalega....eða eru þetta fótósjoppaðir skallar? Plís láttu það vera þannig.

15. febrúar kl. 23:05



**Sigga Kling**  
Ég bónorð hef fengið og beiðni um drátt

með beylís í æðum ég sofna hér sátt

Og moskitóflugurnar eru dauðar úr hita

Þær átu mig blessaðar í einu bita

Ég er stödd í atriði sem er out of space

...í fullkomri alsælu, ég elska þetta pleis.....

14. febrúar kl. 21:47



**Haukur Heiðar Hauksson**  
Note to self: halda fund með Kanye í mars...

13. febrúar kl. 13:14

## Feitast í blaðinu

**Hárið á Justin Bieber.** Kannski ætti hann aldrei að breyta um hárgreiðslu. >>>4

**Hvað ætlar þú að verða?** Krakkar í ólíku námi í Háskóla Íslands. >>>6

**Óðustu aðdáendur sögunnar.** Líklega er ekkert svo gaman að vera frægur eftir allt. >>>8

**Kolbrún Ýr í viðtali.** Nýja Ford-stúlkan veit að módelheimurinn er klikkaður. >>>11

**Verstu störf í heimi.** Hvem langar ekki að fá starf sem hlöðufróari? >>>18

## Efst í huga Monitor

# Rómó á konudaginn

Á mánudaginn var hinn alræmði Valentínusardagur haldinn hátíðlegur víðsvegar. Ástfangnir Íslendingar tóku margir hverjir þátt í gleðinni og gerðu eitthvað sérstakt fyrir ástina sína.



ÞESSI BANGSI ÞORIR AÐ ELSKA

Metnaðarfullir menn sem eyddu allri orkunni í Valentínusardaginn gætu þó verið í vanda staddir fyrir konudaginn sem er á sunnudaginn. Stutt er á milli daganna tveggja og knappur tími til stefnu. Monitor er með ráð undir rífi hverju og færir hér ástföngnum karlmönnum frábærar hugmyndir sem klikka ekki á konudaginn.

## Óvissuferð

Það þarf ekki að taka langan tíma að skipuleggja frábæra ferð um bæinn. Galdurinn er að velja sér eitthvað skemmtilegt að gera sem þið gerið ekki oft saman. Dekur og nudd eru öruggir valkostir.

## Farðu með ljóð

Hvað er rómantískara en að fara með fallett ástarljóð fyrir betri helminginn? Frumsamið ljóð er öruggt til að slá í gegn. Ef þú treystir þér ekki í að semja ljóð sjálfur er alveg leyfilegt að leita í gömlu skáldin og fara með eitthvað úr þeirra safni.

## Talaðu frönsku

Eins og allir vita er tungumál ástarinnar franska og því tilvalið að læra nokkra góða frasa fyrir konudaginn. Þetta gæti reynst tilgerðarlegt en líklegt er að franskan verði léleg og því afskaplega myndin. Mikilvægasti frasinn er „je t'aime“ en flestir munu líklega einnig notast við „voulez-vous couche avec moi ce soir?“.

Ef öll ráð þrjóta er sniðugt að baka eina sæta hjartalaga köku og elda dýrindis kvöldverð. Það getur ekki klikkað. Njótið vel!





LIGHTS ON THE HIGHWAY EÐA SNOOPY?  
ÞAÐ ER ENGIN LEIÐ AÐ ÞEKKJA MUNINN

Sjáðu *Lights On The Highway* spila um helgina!  
Fimmtudagur: Sódóma, Reykjavík  
Laugardagur: Menningarhúsið Hof, Akureyri

# Kominn tími til að dusta af sér rykið

Hljómsveitin *Lights On The Highway* er risin úr rekkju. Þeim finnst skemmtilegast að „covera“ Trúbrot-en vilja ekki gera upp á milli Friðriks Dórs og Friðriks Ómars.

Hljómsveitina *Lights On The Highway* þekkjast flestir rokkhundar Íslands. Í gegnum árin hafa þeir notið mikilla vinsælda en lítið hefur farið fyrir strákunum undanfarið ár. Nú eru þeir að skrifa úr dvalanum og geta aðdáendur sveitarinnar glaðst því ný plata er í bígerð og nóg af giggum.

**Skammstöfunin LOTH líkist vissulega skammstöfuninni LOTR fyrir Lord Of The Rings. Kæmi til greina að breyta nafninu í Lights On The Railroad til að fullkomna verkið?**

Hugsanlega. Það gæti orðið „meik“ nafnið okkar í Bandaríkjunum, svona til að koma okkur endanlega á hausinn, fá einhverjar lögsóknir og stuð. Þetta gæti verið leiðin inn í bransann!

**Hvert er besta gíggið ykkar?**

Ætli það sé ekki acoustic gígg sem við tókum á Dillon fyrir svolitlu síðan. Það myndaðist einhver sérstök stemning og þetta var skemmtilegt og mínimalískt gígg í alla staði.

**En versta gíggið?**

Man On The Moon í Cambridge árið 2005. Við fórum með allan girinn í lest frá London um morguninn til að spila á þessu klósetti, með ónýtt hljóðkerfi og kokk sem var staðráðinn í að gefa okkur matareitrun. Klárlega eitt af þeim súrari.

**Ertu með einhverja góða sögu af tónleikaferðalagi hjá ykkur?**

...og þá sagði Stebbi: „Brjóstahaldarinn er í skápnum vinstra megin!“

**Hvaða teiknimyndasöguhetju líkist hljómsveitin mest?**

Snoopy. Hann virðist einhverra hluta vegna alltaf sofa uppi á þaki, jafnvel þó það sé mígandi rigning. Merkilegur hundur þessi Snoopy.

**Hver ykkar er bestur í fótbolta?**

Það er klárlega varnarjafninn okkar hann Halli sem er eini meðlimur hljómsveitarinnar sem hefur spilað með meistaraflokki.

**Hvert er uppáhalds cover-lagið ykkar?**

Þessa stundina er það „Ég sé það“ með Trúbroti. Það er svo gaman að spila þetta einstaklega vel samda góða íslenska lag.

**Hvort væruð þið frekar til í að taka upp lag með Friðriki Dór eða Friðriki Ómari?**

Til þess að gera ekki upp á milli myndum við taka upp lag með hljómsveitinni Friðryk.

**Afkvæmi hvaða tveggja hljómsveita mynduð þið segja að Lights On The Highway væri?**

CSNY og Trúbrots.

## LIGHTS ON THE HIGHWAY

**Stofnuð:** 2004.

**Meðlimir:** Kristófer Jensson (söngur), Agnar Eldberg (gítar/söngur), Karl Daði Lúðvíksson (bassi/söngur), Þórhallur Reynir Stefánsson (trommur/söngur) og Stefán Örn Gunnlaugsson (hljómborð/söngur).

**Plötur:** Lights On The Highway (2005) og Amanita miscaria (2009).

Þrjú góð lög: Long Summer Dining, A Little Bit Of Everything og Leiðin heim.

**Fyndin staðreynd:** Meðlimir hljómsveitarinnar eru frá öllum landshlutum nema Vesturlandi.

**Hvert er draumagíggið?**

Að sjálfsgöðu á The Cavern Club í Liverpool með Bítlunum.

**Hvað er framundan hjá hljómsveitinni?**

Við höfum verið að dusta af okkur rykið og spila á nokkrum tónleikum þessa dagana. Við komum líklega til með að spila af og til á næstu mánuðum. Meðal annars erum við með í bígerð acoustic tónleika á Hemma og Valda. Svo erum við byrjaðir að stilla upp í upptökur fyrir þriðju plötuna okkar.



## DISNEY EYÐILAGÐI FJÖLSKYLDUNA

Kántrísöngvarinn **Billy Ray Cyrus**, faðir ungstirnins **Miley Cyrus**, segir Disney-sjónvarpsþáttinn „Hannah Montana“ hafa eyðilagt fjölskyldu hans. Þátturinn gerði Miley heimsfræga og hann segir frægðina hafa leitt dóttur sína út í vitleysu. Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði karlatímaritsins **GQ**. Billy Ray segist óska þess að Disney-ævintýrið hafi aldrei gerst því þá gætu þau verið eðlileg fjölskylda.



## TROMMARI BLINK GEFUR ÚT SÓLÓ

Trommarinn **Travis Barker** sem flestir þekkjast úr pönkrokkssveitinni **Blink 182** gaf út fyrsta smellinn af nýjstu plötu sinni í byrjun febrúar. Lagið **Can A Drummer Get Some** er titillag plötunnar sem kemur út um miðjan mars og veður mikla athygli að um hip-hop plötu er að ræða. Travis trommar eins og brjálæðingur á plötunni og stjórnaði upptökum en hann lætur aðra um rímurnar að þessu sinni.



## LADY GAGA OG EGGIÐ HENNAR

**Lady Gaga** mætti til **Jay Leno** á mánudagskvöldið til að ræða atriðið sitt á Grammy-verðlaunahátíðinni sem fór fram um helgina en söngkonan kom á hátíðina í eggi. Hún útskýrði fyrir Leno að til að undirbúa sig andlega hafi hún eytt þremur dögum inni í egginu. Þannig hafi hún komist í karakter fyrir atriðið sem skartaði fjölda dansara og flottum búningum að hætti Lady Gaga.

## Ef Bieber breytir um greiðslu...

**Justin Bieber** er næstum jafn frægur fyrir hárið sitt og fyrir tónlist sína. Einhvern tímann hlýtur hann þó að breyta um greiðslu. **Billboard-vefurinn** skellti nokkrum hárgreiðslum frá öðru frægu fólki á hausinn á Biebernum. Nú er spurningin, hver fer honum best?

1. Michael Bublé
2. Adam Lambert
3. Chris Daughtry
4. Ellen DeGeneres
5. Josh Groban
6. Bret Michaels
7. Pauly D
8. Jared Leto
9. Justin Timberlake
10. Michael Jackson





# HR BÝÐUR ÞÉR HEIM!

**19. FEBRÚAR**  
kl. 11:00 – 16:00  
Í NAUTHÓLSVÍK

## KYNNTU ÞÉR HEIM VÍSINDANNA Í HR

Nemendur og starfsmenn taka á móti þér í húsakynnum skólans í Nauthólsvík og svara spurningum og veita ráðgjöf um grunn- og framhaldsnám, auk þess sem rannsóknarstofur verða opnar, hægt verður að prófa töl og tæki og njóta fjölbreyttrar dagskrár.

Gestir fá tækifæri til að kanna fjármálalæsi sitt, mannlegar sýndarverur sýna samskipta-hæfni sína, vélmenni leika lausum hala, eðlisfræðingar leika listir sínar, keppt verður í súlubroti, rafbíll verður til sýnis og keppt verður til úrslita í hinni árlegu HR-áskorun. Gestum gefst kostur á að reyna sig við forritunarprautir, taka þátt í sálfræðiþrófunum, kynnast virkni myndaskoðara og sambandi tölvu og tungumáls. Stúdentafélag HR kynnir starfsemi sína og býður gestum upp á pítsu og gos, auk þess sem stúdentar sýna á sér aðra hlið.

### NÁMSKYNNINGAR:

- Kl. 12:30 **FRUMGREINAR** – M.1.10
- Kl. 13:00 **TÆKNIFRÆÐI**, grunnnám – V.1.03
- Kl. 13:00 **ÍPRÓTTAFRÆÐI**, grunnnám – V.1.10
- Kl. 13:00 **VIÐSKIPTAFRÆÐI**, grunnnám – V.1.02, Betelgás
- Kl. 13:30 **SÁLFRÆÐI**, grunnnám – V.1.02, Betelgás
- Kl. 13:30 **VERKFRÆÐI**, grunnnám – V.1.03
- Kl. 14:00 **VIÐSKIPTAFRÆÐI**, meistaranám – V.1.02, Betelgás
- Kl. 14:00 **LÖGFRÆÐI**, grunnnám – M.1.09, Fönix 3 (dómsalur)
- Kl. 14:30 **LÖGFRÆÐI**, meistaranám – M.1.09, Fönix 3 (dómsalur)
- Kl. 14:30 **TÖLVUNARFRÆÐI/HUGBÚNAÐARVERKFRÆÐI**, grunnnám – M.1.02
- Kl. 15:00 **TÖLVUNARFRÆÐI**, meistaranám – M.1.02

Tilboð verður á kaffidrykkjum hjá Te og kaffi og Bóksala stúdenta verður opin.



HÁSKÓLA  
DAGURINN



Kynntu þér möguleika framtíðarinnar  
Í Ráðhúsi Reykjavíkur, Háskóla Íslands  
og Háskólanum í Reykjavík [www.haskoladagurinn.is](http://www.haskoladagurinn.is)

Kynntu þér dagskrána á [www.hr.is](http://www.hr.is)





# Hvað ætlar þú að verða?

Monitor fór á stúfana og forvitnaðist um námið, félagslífið og fólkið í nokkrum deildum Háskóla Íslands.

Mynd/Sigurgeir

## Kaffiþyrst og lopaklætt fólk

### Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum?

Skemmtilegt, krefjandi, spennandi, ævintýralegt og kannski svolítið öðruvísi.

**Af hverju þjóðfræði?** Ég kynntist þjóðfræðinni í gegnum vinkonu sem var í náminu. Mér fannst þau alltaf vera að gera eitthvað skemmtilegt og spennandi. Smátt og smátt varð ég forvitnari um námið svo ég ákvað að prófa að mæta í einn tíma og þá var ekki aftur snúið. Ég heillaðist af kaffiþyrsta fólkinu í lopapeysunum.

**Það besta við námið?** Tilhlökkunin við að mæta í tíma á hverjum morgni. Áfangarnir eru spennandi hvort sem þeir fjalla um hversdagslega hluti í okkar lífi eða greftrunarsíði í Evrópu á bronsöld. Fjölbreytin í náminu er mikil og félagslífið er frábært.

**Það versta við námið?** Það versta við að vera þjóðfræðinemi er að þurfa að svara spurningunni: „Hvað ætlarðu eiginlega að gera þegar þú ert orðinn þjóðfræðingur?“ Satt að segja veit ég ekki svarið við þeirri spurningu enn því það er aldrei að vita hvaða tækifæri þjóðast manni. Ég lífi í núinu.

**Hvað gera þjóðfræðingar?** Starfssvið þjóðfræðinga er mjög fjölbreytt. Þeir þjóðfræðingar sem ég þekki til starfa sem blaðamenn, landverðir, leiðsögumenn, kennarar, rithöfundar, prestar eða bændur.

**Hvað er það mikilvægasta sem þú hefur í þjóðfræðinni?** Samskiptin eru persónuleg og nemendur og kennarar eru samrýnd heild. Auk þess gerir námið mann mjög opinhuga um lífið, tilveruna og hversdagslega hluti.



**Anna Gunnarsdóttir**

Fædd: 1989  
Stúdent frá: MA  
Félagsfræðibraut

Þjóðfræði

GREFTRUNARSÍÐIR ERU  
DAGLEGT BRAUÐ HJÁ ÖNNU

Mynd/Sigurgeir



## Félagslífið stundum of gott

### Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum?

Krefjandi, fjölbreytt, áhugavert, skemmtilegt og alls-ekki-þurrt.

**Af hverju lögfræði?** Þegar ég útskrifaðist úr Verzló árið 2009 langaði mig hrikalega mikið til að fara í heimsreisni en þá var kostnaðurinn við það kominn upp úr öllu valdi. Í Verzló taka allir einn lögfræðiáfangi og þar hafði ég fengið smjörþefinn af því út á hvað námið snerist. Ekkert annað nám heillaði mig svo ég sló bara til.

**Hvað tókst þú almennuna oft?** Hana tók ég einu sinni.

**Hvernig er félagslífið?** Félagslífið er mjög gott, stundum of gott ef út í það er farið. Á föstudögum eru eins og í flestum deildum háskólans kokteilar þar sem fyrirtæki bjóða okkur til sín og kynna starfsemi sína. Haldnir eru ýmsir viðburðir svo sem áhrshátíð, norrænar vikur, ræðukeppni, Oratur vs. Mágus sem er félag viðskiptafræðinema og svo mætti lengi telja.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur lært í lögfræðinni?** Ef maður tekur í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns varðar það sekt og borga skal hann allan svo upp tekinn skelfisk tvöföldu gangverði.



**Kjartan Ottóson**

Fæddur: 1989  
Stúdent frá: Verzló  
Líffræðibraut

Lögfræði

KJARTAN TÓK ALMENNUNA  
BARA EINU SINNI

Mynd/Sigurgeir



# Helgarfríin vel metin

**Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum?** Krefjandi, áhugavert, skemmtilegt og heilmikið partý!

**Af hverju læknisfræði?** Þetta er frábær vettvangur fyrir áhugasama um allt sem við kemur mannslíkamanum. Það er líka mjög gefandi og einstakt að fá að vinna með fólki og fylgja því í gegnum súrt og sætt.

**Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra?** Það er sagt að enginn kunni að meta helgafrí jafnvel og læknanemar því þá gefst tími til að vinna upp það sem maður er kominn eftir á með. Með þokkalegu skipulagi gefst allavega nægur tími fyrir áhugamálin og allskonar vitleysu. Vinnuálagið getur líka verið mjög misjafnt eftir áföngum og fleiru, líklega eins og gengur og gerist í öðrum deildum.

**Hvað er þetta langt nám?** Sex ár hér við HÍ og svo tekur við 3-6 ára sérfræðinámi. Þetta er formlega menntunin. Í dýnamíska heimi vísindanna gildir jú vissulega, eins og með svo margt, að svo lengi lærir sem lifir.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur lært í læknisfræðinni?** Það er ansi margt. Ég var til dæmis að stúdera lifrina um daginn og komst að því að ef allt að 80% hennar eru fjarlægð vex hún aftur í sína upprunalega stærð, magnað!



**Þorgeir Orri Harðarson**  
 Fæddur: 1988  
 Stúdent frá: MR  
 Náttúrufræðibraut

Læknisfræði

**ÞORGEIR HYGGST EKKI ENDILEGA SANNREYNAMÁTT LIFRARINNAR**

Mynd/Sigurgeir



## Opnar margar dyr

**Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum?** Áhugavert, fjölbreytt, krefjandi, lærdómsríkt og skemmtilegt!

**Af hverju viðskiptafræði?** Áhuginn kviknaði þegar ég var að skrifa lokaritgerðina mína í MS en hún fjallaði um mannauðsstjórnun. Hagfræðinámið í HÍ bauð ekki upp á stjórnun og því varð viðskiptafræðin fyrir valinu.

**Það besta við námið?** Því fylgir ótrúlega virkt og skemmtilegt félagslíf og það opnar fyrir marga möguleika í framtíðinni.

**Það versta við námið?** Sökum fjölda nemenda verður námið ópersónulegt bæði hvað varðar samskipti við samnemendur og kennara.

**Hvað er það sniðugasta sem þú hefur lært í viðskiptafræðinni?** Að búa til leynireikninga á leyniejjum. Djók!



Viðskiptafræði

**Marianna Valdís Friðfinnsdóttir**  
 Fædd: 1989  
 Stúdent frá: MS  
 Félagsfræðibraut, hagfræðikjörsvið

**MARIANNA VILL ÓLM STJÓRNA MANNAUÐI**

Mynd/Sigurgeir



**Edda Sif Pálsdóttir**  
 Fædd: 1988  
 Stúdent frá: FG  
 Félagsfræðibraut með auka stærðfræðivafi

Íslenska og almenn málvísindi

**EDDA GÆTI PRÓFARKALESID MEÐ BUNDIÐ FYRIR AUGUN**

Mynd/Sigurgeir

## Bangsímon bauð í kaffi


**Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum?** Hagnýtt, skemmtilegt, strembið, fjölbreytt og lifandi.

**Af hverju íslenska?** Út af þessum fimm atriðum. Mörgum þykir eflaust gamaldags að læra íslensku í Háskólanum en raunin er sú að þetta nám hefur daglega ótalmarga snertipunkta við umræðu líðandi stundar. Málið er jú alls staðar í kringum okkur og að hafa góð tök á því er öflugt verkfæri.

**Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni?** Nú þegar er það farið að nýtast mér vel, bæði í starfi mínu hjá NUDE magazine og á fréttastofu RÚV. Þetta nám er einfaldlega þannig að það kemur sér alls staðar vel. Í framtíðinni hyggst ég nýta mér það áfram á fjölmiðlasviðinu og eflaust á fleiri sviðum líka.

**Hvernig er félagslífið?** Félagslífið er gott en ég viðurkenni þó fúslega að ég er ekki nógu dugleg að taka þátt í því. Ég er svo heppin að hafa mikið að gera en það hefur bitnað á félagslífinu í skólanum.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í íslenskunni?** Blessaður sagði Bangsímon og bauð mér kaffi, það er aldrei ypsilon á eftir vaffi! Að öllu gamni slepptu dettur mér ýmislegt í hug. Mér fannst til dæmis mjög gaman að læra að hljóðrita, læra málfræði táknaðs og um máltöku barna.







**RICHARD GERE**

**Óði aðdáandinn:** Ursula Reichert-Habbishaw, þýsk, 51 árs, fjögurra barna móðir.  
**Hvað gerði hún?** Hún hringdi, sendi fax og tölvupóst meira en þúsund sinnum og mætti sex sinnum óboðin í heim-sókn í íbúð hans í Greenwich Village í New York.  
**Af hverju?** Hún sagði: „Ég þrái að vera með þér og vil eyða lífinu með þér.“  
**Málalok:** Ursula slapp við fangelsisvist með því að snúa aftur heim til Þýskalands. Til að gera söguna aðeins bitastæðari þá lét hún líða yfir sig fyrir framan ljósmyndara fyrir utan dómshúsið þegar málið var tekið fyrir.



**STEVEN SPIELBERG OG JENNIFER LOVE HEWITT**

**Óði aðdáandinn:** Diana Napolis.  
**Hvað gerði hún?** Hún hótaði að ráðast á Spielberg á frumsýningu kvikmyndar og elti Hewitt á hina ýmsu viðburði og kallaði hana morðingja.  
**Af hverju?** Hún trúði því að Spielberg og kona hans væru djöfladýrkendur og að þau kæmu fyrir „sálaveið-urum“ í hugum fólks til að stjórna því. Hún taldi einnig að Hewitt væri að reyna að drepa sig með hugarorkunni.  
**Málalok:** Hún fékk skilorðsbundinn fangelsisdóm og var skipað að leita sér geðhjálpar og halda sig fjarri Spielberg og Hewitt í allavega 10 ár.

# Óðustu aðdáendur sögunnar

Frægð og frama fylgja ekki bara gull og grænir skógar, heldur greinilega líka sturlaðir aðdáendur og ýmsar óþægilegar upptakomur. Vefmiðillinn **PopCrunch** hefur grafið upp nokkra óðustu aðdáendur sögunnar og þar skortir ekki sturlunina.




**GWYNETH PALTROW**

**Óði aðdáandinn:** Dante Michael Soi, 51 árs gamall pítsusendill frá Ohio.  
**Hvað gerði hann?** Hann skrifaði Paltrow fimm bréf á dag og sendi henni ýmsar gjafir sem féllu ekki í kramið. Þeirra á meðal voru klámmyndir, blóm og auðvitað pítsa. Hann kíkti líka oft óboðin í heimsókn til foreldra hennar.  
**Af hverju?** Hann var einfaldlega hugfanginn af henni en í réttarhöldum vegna málsins var hann úrskurðaður vanheill á geði.  
**Málalok:** Hann var vistaður á öryggisgeðsjúkrahúsi í Kaliforníu í kjölfar vitnisburðar Paltrow um að hún óttaðist hann mjög mikið.



**CATHERINE ZETA-JONES**

**Óði aðdáandinn:** Dawnette Knight, 32 ára kona sem ætlaði sér að verða barnasálfræðingur.  
**Hvað gerði hún?** Hún sendi fjölda bréfa þar sem hún hótaði meðal annars að „skera hana í litla bita og gefa hundunum sínum“.  
**Af hverju?** Hún var ástfanginn af eiginmanni hennar, Michael Douglas, og ákvað að koma henni fyrir kattarnef.  
**Málalok:** Fórnarlambið Zeta-Jones fékk nærri því taugaáfall en óði aðdáandinn var dæmdur í þriggja ára fangelsi.



**MEL GIBSON**

**Óði aðdáandinn:** Zack Sinclair, 34 ára útigangsmáður frá Idaho.  
**Hvað gerði hann?** Hann sendi Gibson endalausn fjölda bréfa og mætti einnig í messu í kirkjunni hans til að reyna að fá að biðja með honum.  
**Af hverju?** Hann var með kvikmyndina Passion of the Christ, eftir Gibson, á heilanum.  
**Málalok:** Sinclair var vistaður á réttargeðdeild í þrjú ár.



**HALLE BERRY**

**Óði aðdáandinn:** Greg Broussard, 40 ára, sem segist hafa verið sérsveitarmaður í sjóhernum.  
**Hvað gerði hann?** Hann sendi Berry fjölda bréfa með sturluðum fullyrðingum um að hann ætlaði að giftast henni og að þótt hann vildi ekki meita neinn þá myndi hann gera hvað sem er til að fá hana.  
**Af hverju?** Broussard skellti skuldinni á Guð, sem hann sagði hafa skipað sér að giftast Berry.  
**Málalok:** Það reyndist Berry ekki erfitt að sannfæra dómara um að setja nálgunarbann á hann. Hann hafði ýmsa dóma á bakinu, meðal annars fyrir að snerta sig á almannaferri.





**JODIE FOSTER**

**Óði aðdáandinn:**

John Hinckley.

**Hvað gerði hann?**

Hann byrjaði á að flytja nálægt henni þegar hún var í Yale-háskóla og laumaði fjölda bréfa undir hurðina hjá henni. Þegar það virkaði ekki ákvað hann að reyna að myrða forseta Bandaríkjanna til að ná athygli hennar. Hann ætlaði fyrst að ráðast á Jimmy Carter en var handtekinn. Síðar skaut hann sex skotum að Ronald Reagan, og eitt þeirra kastaðist af bifreið og í forsetann.

**Af hverju?**

Hann hafði orðið hugfanginn af henni þegar hún lék barnunga vændiskonu í myndinni Taxi Driver.

**Málalok:**

Hinckley var handtekinn eftir árásina á Reagan og er vístaður á geðsjúkrahúsi.



**ANNA KOURNIKOVA**

**Óði aðdáandinn:**

William Lepeska, 40 ára.

**Hvað gerði hann?**

Hann synti nakinn upp að strandhúsi hennar í Miami en fór sundlaugavíllt og var handtekinn allsber hjá nágranna Kournikovu. Hann sendi henni líka ýmis dónaleg bréf, elti hana þvert yfir Bandaríkin og er með nafn hennar tattúverað á handlegg sinn.

**Af hverju?**

Hann sagðist halda að Kournikova gæti borið hlýjar tilfinningar til sín. Hann hafði áður ofsótt kryddpiuna Mel B. en sagðist svo hafa séð grænna gras.

**Málalok:**

Hann var úrskurðaður ósakhæfur af geðlæknum og var skípað að eyða sex mánuðum á geðsjúkrahúsi í Flórída.



**HILARY DUFF**

**Óði aðdáandinn:**

Maksim Myaskovskiy, 18 ára íbúi í New York.

**Hvað gerði hann?**

Hann hótaði að ráðast á Duff og sagðist hafa keypt vopn sem hann ætlaði að nota til að ná athygli hennar. Hann mætti líka heim til mómmu hennar og heim til þáverandi kærasta hennar, Joel Madden.

**Af hverju?**

Hann var einfaldlega með hana á heilanum og sagði kærastann standa í vegi fyrir ást þeirra.

**Málalok:**

Hann var dæmdur í 117 daga fangelsi auk fimm ára á skilorði.

**JANET JACKSON**

**Óði aðdáandinn:**

Robert Gardner, 46 ára.

**Hvað gerði hann?**

Hann ofsótti Jackson í alls níu ár og birtist á ýmsum stöðum þar sem hún átti erindi. Hann mætti til dæmis á æfingu hennar fyrir sjónvarpsþáttinn Saturday Night Live, en þar fannst dúkahnifur á honum.

**Af hverju?**

Hann stóð í þeirri meiningu að hann og söngkonan ættu í ástarsambandi.

**Málalok:**

Jackson fékk nálgunarbann á hann, þó aðeins til þriggja ára.





**HÁSKÓLA  
DAGURINN**

**Kynntu þér möguleika framtíðarinnar**  
 Yfir 500 námsleiðir í boði  
 Háskóladagurinn 19. febrúar  
 Kl. 11.00-16.00

Í Ráðhúsi Reykjavíkur verður kynning á námi frá Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Einnig verður þar kynning á framhaldsnámi í Danmörku og Svíþjóð.

Í Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, Háskólatorgi, Gimli, Odda, Öskju og Háskólabíó verður kynning á námi við Háskóla Íslands.

Háskólinn í Reykjavík kynnir námsframboð sitt í húsakynnum sínum í Nauthólsvík.

**Friar strætóferðir á milli staða – á tuttugu mínútna fresti!  
 Ferðir frá Ráðhúsinu, HÍ og HR.**

**Háskóladagurinn um land allt:**  
 Egilsstaðir: Kynning í ME 2. mars  
 Akureyri: Kynning í VMA 3. mars  
 Ísafjörður: Kynning í MÍ 15. mars

Kynntu þér möguleika framtíðarinnar á [www.haskoladagurinn.is](http://www.haskoladagurinn.is) og á [facebook](https://www.facebook.com/haskoladagurinn).





# Trópi sjöa

- sjö ávextir  
- sjö vítamín



- bara náttúrulega gott!



# „Þú ert of feit!“

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir  
**Myndir:** Kristinn Ingvarsson

sigyn@monitor.is  
kring@mbl.is

„Ég áttaði mig á hversu ruglaður heimur þetta er fjórtán ára gömul,“ segir **Kolbrún Ýr Sturludóttir**, sigurvegari fyrirsætu-keppni **Ford 2011**. Hún ræddi við Monitor um hörkuna í bransanum, framtíðina og stráka sem nota „poke“ á Facebook.

Einu sinni fannst mér þetta erfitt en núna er mér alveg sama. Ég er bara eins og ég er og fólk verður bara að taka mér þannig.





Það er mikið um kókaín  
og eitthvað svoleiðis rugl  
þarna en ég verð bara með lýsið.

viðtalið



**M**ér var alveg sama fyrst og var ekki einu sinni að hugsa um að geta fengið pening út úr þessu," segir Kolbrún Ýr Sturludóttir, fyrrsæta, sem hefur þrátt fyrir ungan aldur tekið þátt í hinum ýmsu tísku-sýningum og setið fyrir í fjölmörgum auglýsingum. Margir þekkja Kolbrúnu úr auglýsingum fyrir N1 sem voru áberandi um tíma. „Ég var kölluð N1-gellan í eitt ár," segir Kolbrún sem hafði gaman af viðurnefninu fyrst um sinn en fékk svo leið á því. Kolbrún er úr Garðabænum og stundar nú nám við Fjölbrotaskóla Garðabæjar. Hún sigraði fyrrsætukeppni Ford sem var haldin fyrstu helgina í febrúar og í júlí heldur Kolla til New York þar sem Ford-stúllur frá 40 löndum keppa hvor við aðra. „Ég ætla að gera mitt besta og reyna að vera ekki of stressuð," segir Kolbrún sem virðist öryggið uppmálað þegar kemur að fyrrsætustörfum.

**Hefur þig alltaf langað til að verða fyrrsæta?**

Mig langaði alltaf að vera í sviðsljósinu. Ég ætlaði að verða eins og Britney Spears og Jóhanna Guðrún og lét mömmu taka upp þúsund myndbönd af mér syngjandi og dansandi. Ég hélt ég væri geðveikt góð en því miður kann ég hvorki að syngja né dansa. Ég er hræðileg söngkona. Systir mín var mikið í módel-bransanum og ég leit upp til hennar svo það heillaði mig alveg frá tíu ára aldri að verða fyrrsæta.

**Nú hefur þú ágæta reynslu af fyrrsætustörfum. Finnst þér vera hörð samkeppni í fyrrsætubröndum á Íslandi?**

Já, mér finnst allir vera að berjast um að komast í auglýsingar því það er alltaf ein auglýsing sem er svakalega vinsæl. Eins og til dæmis froskurinn í Vodafone eða Mix-Mix-Mix auglýsingarnar og fólk keppist um að komast í stærstu herferðirnar.

**Hefur þú fengið mörg verkefni?**

Ég hef fengið nóg af verkefnum, bæði íslensk og erlend. Erlendu verkefni hafa til dæmis verið fyrir eitthvað tímarit í Brasilíu sem ég veit ekki hvað heitir og auglýsing sem var birt í Indlandi. Ég hef ekki einu sinni séð myndirnar en það væri gaman að fara til Indlands og sjá hvort þetta hafi verið eitthvað hræðilegt.

**Hvert er skemmtilegasta verkefnið þitt hingað til?**

Auglýsingarnar fyrir N1 eru stærsta verkefnið mitt hingað til og ég fékk mjög mikla athygli út á þær. Ég var kölluð N1-gellan í eitt ár. Það var mjög gaman fyrst en svo vildi ég frekar bara vera Kolla. Verkefnið eru mismunandi skemmtileg eftir því hversu opið og skemmtilegt samstarfsfólkið er. Sumir vilja bara ná myndunum og ekkert annað.

**Er þetta vel borgað?**

Stóru verkefni eru vel borguð en í fyrstu fær maður yfirleitt ekkert borgað. Mér var alveg sama fyrst og var ekki einu sinni að hugsa um að geta fengið pening út úr þessu.

**Hvað færðu fyrir eitt verkefni?**

Það er mjög mismunandi eftir verkefnum. Einu sinni vildi norskt sjampófyrirtæki fá mig í auglýsingu og þau buðu mér 100 þúsundkall í laun en vildu að ég myndi klippa mig alveg stutt og lita hárið dökkt. Ég var alls ekki til í það enda búin að safna síðu ljósu hári í lengri tíma og var með það alveg á heilanum. Ég tímdi ekki að klippa hárið og sjampófyrirtækið hækkaði alltaf tilbodið sem var á endanum komið upp í 300 þúsund minnir mig og ég harðneitaði alltaf.

**Þú metur sem sagt hárið þitt á meira en 300 þúsund krónur?**

Ég veit það ekki alveg en ég hugsa oft til baka og velti fyrir mér hvort ég hefði átt að gera þetta. Hár er bara hár en ég hefði verið með miklu styttra hár í keppninni núna til dæmis og þá hefði

keppnin kannski ekki gengið eins vel og hún gerði. Fólk í bransanum heldur að það sé ekkert mál fyrir módel að gjörbreyta sér en við erum alveg persónur sem hafa skoðanir.

**Hvernig kom það til að þú ákvaðst að taka þátt í Ford-keppninni?**

Ég er búin að vera hjá Eskimo í bráðum þrjú ár og þær höfðu samband við mig. Þá sögðu þær mér frá keppni sem væri eftir hálf tveimur árum og ég ætli að fara í ef ég vildi. Ég ákvað að slá bara til.

**Hvernig undirbýstu þig fyrir keppnina?**

Ég var mjög róleg yfir þessu og var ekkert að þæla í að undirbúa mig fyrr en svona mánuði fyrir keppnina. Þá fór ég að hugsa betur um húðina og borða hollari mat.

**Lumar þú á einhverju fegurðarleynarmáli?**

Mitt helsta trikk er að taka lýsi. Húðin mín verður allt önnur þegar ég tek lýsi. Annars er ég þurr og ómöguleg í húðinni en lýsið gerir hana mjúka og fína. Það skiptir máli að hugsa vel um sig að innan til að líta vel út.

**Var mikil samkeppni milli keppenda? Einhver sem reyndi að fella aðra keppendur á sýningarvallinum?**

Ég fann ekkert fyrir því. Mér fannst ég bara vera að hitta vinkonur mínar. Við náðum ótrúlega vel saman, þetta eru æðislegar stelpur. Það var einmitt engin leiðinleg sem vildi bara vinna eins og maður hefur séð í sjónvarpsþáttum eins og America's Next Top Model.

**Myndir þú vilja taka þátt í Ungfrú Ísland einhvern tímum?**

Ég held ég sé ekki alveg týpan í það. Ég gæti einhvern veginn ekki verið. „Hæ, ég heiti Kolbrún og ég ætla að verða tannlæknir. World peace!"

**Ég lyfti upp bolnum og hún sagði: „Ég vissi það! Þú ert of feit. Þú mátt fara heim!"**

**Hver finnst þér vera helsti munurinn á þeirri keppni og Ford?**

Fyrrsætubröndin snýst meira um tísku og er alvarlegri einhvern veginn. Ungfrú Ísland snýst meira um sætt andlit og fallegu stelpurnar. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeirri keppni. Það væri frábært að vera Ungfrú Ísland og vera flottasta gellan á landinu.

**Hvaða tækifæri fylgja því að sigra Ford-keppnina?**

Það kemur mér vel á framfæri. Ég fer til New York að keppa í júlí og þá get ég reynt að vekja athygli alls konar fólks úr tískubröndum þó ég sigri ekki endilega.

**Ertu stressuð fyrir keppnina úti?**

Ekkert ennþá en það á líklega eftir að koma þegar nær dregur. Þetta eru Ford-módel frá 40 löndum en ég ætla að gera mitt besta og reyna að vera ekki of stressuð. Ég er búin að ræða við stelpur sem hafa farið út í svona keppni og þær segja að stelpurnar frá hinum löndum séu alveg kræfar, reyki endalaust og drekki mikið kaffi. Það er mikið um kókaín og eitthvað svoleiðis rugl þarna en ég verð bara með lýsið.

**Eru foreldrar þínir áhyggjufullir yfir ferðinni?**

Mamma ætlar að koma með mér sem mér finnst æðislegt og það verður gott að vita af henni á næsta hóteli. Svo ætlar pabbi að koma og horfa á mig. Það er frábært að fá svona góðan stuðning frá foreldrunum í þessu og öllu öðru.

**Hvað þurfa stelpur að hafa sem ætla út í fyrrsætustörf?**

Þær þurfa að vera einstakar og hafa eitthvað nýtt fram að færa. Góður persónuleiki og sterkt andlit skipta líka máli. Hæð og svoleiðis skipta ekki öllu ef þú hefur eitthvað sérstakt eins og Kate Moss til dæm-

**HRÆÐASPUÐNINGAR**

**Draumaforsíðan?** Vogue.

**Draumatískusýningin?** Alexander McQueen á Kinamúrnum.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Jökulsárlón.

**Fallegasta kona í heimi?** Mamma mín.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** Friends.

**Fyndnasti Íslendingurinn?** Sveppi og Auddi.

**Heitasti leikarinn?** Johnny Depp.

**Skritnasti matur sem þú hefur smakkað?** Ábrystir.

**Uppáhaldstónlistarmaður?** Lady Gaga.

**Helsti kostur?** Ég er sjálfstæð og opin.

**Versti ávani?** Ég naga stundum neglurnar.



is. Það er kannski auðveldara að koma sér á framfæri ef maður er hávaxin en hinar eiga auðvitað séns líka.

**Hvernig heldur þú þér í formi?**

Ég æfi blak með Stjórnunni með vinkonum mínum. Það er frábær líkamsrækt og skemmtilegt í leiðinni.

**Hefur þú einhvern tímum fengið athugasemdir um holdafar þitt?**

Það hefur oft verið sagt við mig að ég sé feit og allt sé að mér. Þegar ég var fjórtán ára og nýbyrjuð í módel-bransanum tók ég þátt í Icelandic Fashion Week. Þá mætti einhver asískur hönnuður sem var súpermjó og bað mig um að koma afsíðis til að tala við sig. Við fórum á bakvið og hún bað mig um að lyfta upp bolnum mínum. Ég lyfti upp bolnum og hún sagði: „Ég vissi það! Þú ert of feit, þú ert of feit. Þú mátt fara heim!" Þá brotnaði ég alveg saman. Ég áttaði mig á hversu ruglaður heimur þetta er fjórtán ára gömul. Þetta atvik er það versta sem ég hef lent í en svo hef ég oft verið beðin um að halda inni maganum í myndatökum. Þetta fólk gerir athugasemdir við allt.

**Finnst þér erfitt að heyra slíkar athugasemdir?**

Ég tek þessu ekki nærri mér lengur. Einu sinni fannst mér þetta erfitt en núna er mér alveg sama. Ég er bara eins og ég er og fólk verður bara að taka mér þannig.

**Stefnir þú á að verða fyrrsæta í fullri vinnu?**

Alveg síðan ég byrjaði í þessum bransa hefur það verið markmiðið og er númer eitt hjá mér í dag. Ég ætla að klára menntaskólann og hafa einhverja reynslu á bakinu og fara svo á fullt í þetta eftir útskrift. Ef ég fengi eitthvað mjög gott tækifæri fyrir það myndi ég samt kannski hætta í skólanum, maður veit aldrei.

**Kemur eitthvað annað til greina en fyrrsætustörf?**

Það hefur aldrei neitt annað komist að hjá mér og ég hef einhvern veginn alltaf ætlað að verða módel. Þegar ég þurfti að velja mér braut í menntaskóla hafði ég ekki hugmynd og ekkert heillaði mig frekar en annað því ég stefni ekki á læknanám eða neitt svoleiðis. Mér finnst skipta mestu máli að vinnan sé skemmtileg og þó það sé kannski vel borgað að vera til dæmis læknir myndi ég ekki vilja vinna við það nema ég hefði gaman af því. Þegar ég var mjög lítil langaði mig reyndar að verða tannlæknir til að geta átt allt dótið sem maður fékk í verðlaun sjálf. Sá draumur er enn í hausnum á mér og kannski verð ég tannlæknir einn daginn.

**Í stuttu viðtali við Monitor fyrir keppnina sagðist þú vera mikill dýravinur. Hvernig lýsir það sér?**

Það var nú meira ruglið. Þetta kom bara út úr mér í einhverju stressi og ég veit ekkert af hverju. Ég hef verið kölluð „animal lover“ alveg síðan sem er mjög myndið. Ég hef alveg gaman af dýrum en ég er engin grænmetisæta eða eitthvað svoleiðis.





**Ertu dæmigerður unglundur sem hangir á Facebook allan sólarhringinn?**

Ég held það. Það er búið að eyðileggja líf allra unglunga með Facebook. Unglingar gera varla annað. Ég er að reyna að róa mig í þessu en ef maður fer ekki þarna inn í einn dag missir maður af öllu og er ekkert með í skólanum daginn eftir.

**Ertu mikið í félagslífinu?**

Ég fer á öll böllin og líka hjá öðrum skólum. Maður verður náttúrulega að reyna að attenda öll invite á Facebook.

**Þú færð væntanlega mikla athygli frá strákunum. Áttu kærasta?**

Nei, ég er á lausu.

**Hvernig væri draumaprinsinn?**

Hann verður að vera skemmtilegur og ekki feiminn. Fínt ef þetta er bara einhver sætur strákur, þá verð ég mjög sátt. Strákar sem nota „poke“ á Facebook til að ná í stelpur eru samt ekki málið.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við að sitja fyrir?**

Þetta er bara frábær vinna. Maður kynnist fullt af fólki og þetta er fjölbreytt. Ég hef rosalega gaman af að vinna með allskonar fólki og í mismunandi verkefnum. Það er líka ekkert leiðinlegt að sjá sig á einhverju auglýsinga-skilti.

**Hver er fyrirmyndin þín í fyrirsætubransanum?**

Ætli það sé ekki stóra systir mín, Íris Tara Sturludóttir. Hún er samt hætt núna en samt er hún ástæðan fyrir að ég ákvað að fara út í þetta. Gisele Bündchen er náttúrulega geðveikt flott en hún var einmitt í blaki á sínum tíma svo við eigum margt sameiginlegt.

**Stílisti:** Gunnþórunn Jónsdóttir


**Förðun:** Tínnu Empera Arlexdóttir hjá MAC

**Fatnaður:** Royal Extreme

■ ■ Það er búið að eyðileggja líf allra unglunga með Facebook. ... Ég er að reyna að róa mig í þessu en ef maður fer ekki þarna inn í einn dag missir maður af öllu og er ekkert með í skólanum daginn eftir.







5.302.046 lög  
525.148 plötur  
329.599 listamenn



21  
Adele





# Eru hliðarbrjóst nýja brjóstaskoran?

Gleymdu brjóstaskorunni. Í dag þykir mun meira kyn-æsandi að sýna smá **hliðarbrjóst** fremur en skoruna. Skiptir ekki máli hvort um er að ræða barmagóða eða barmapena konu, fátt er heitara en að sjá óvænt í hlið brjóstisins bregða fyrir. Varist þó geiruslys (e. nipple slip).

LOHAN DANSAR Á LÍNUNNI  
MEÐ PÆLINGUNANATALIE PORTMAN  
ER ALVEG MEÐ ÞETTAASHLEY OLSEN SÝNIR  
HINA HLIÐINAKERI HILSON PÚLLAR  
ÞETTA EINSTAKLEGA VEL

## Það er auðvelt að búa sér til varasalva



**Varasalvi** er ómissandi í töskuna hjá öllum kvenmönnum. Sérstaklega á þessum tíma þar sem frostið rífur í sig varimar okkar.

**Stíllinn** er hér með ótrúlega einfalda og skemmtilega uppskrift að ljúffengum varasalva. Það getur jafnvel verið gaman að húa vinkonunum saman eitt kvöldið og í staðinn fyrir að baka möffins, baka varasalva!

ÞAÐ STYTTEST ÓÐUM  
Í BERJATÍNSLUNA



1 Uppskriftin er alls ekki flókin, en þetta er aðeins einföld uppskrift svo ef þið eruð margar er um að gera að stækka hana!

**Uppskrift að varasalvanum:**

- 1 msk mündluóla
- 10 fersk hindber (má nota önnur ber, svo sem rífsber, bláber eða jarðarber)
- 1 tsk hunang
- 2 tsk vaselín eða jógursmyrsi (ef þú vilt meiri glans má setja meira magn)

2 Hræðu saman blöndunni og settu í viðeigandi form, t.d. lítinn pott. Annað hvort geturðu hitað blönduna í vatnsbaði eða sett hana í örbylgjuofn þangað til byrjar að sjóða (1-2 mínútur í örbylgju). Hræðu síðan vel í mixtúrinni, merðu berin varlega og láttu hana standa í 5 mínútur.

3 Því næst læturðu blönduna leka í fingert sigti og síar út húðina og kornin af berjunum. Hræðu aðeins í og láttu síðan kólna alveg. Þegar blandan er búin að kólna, notarðu sleif eða skeið til að setja hana í lítið varasalvabox og nýtur. Voilá!



## Stjörnustríð

Söngkonan fagra **Ciara** og bomban **Kim Kardashian** klæðast sama Zöru-kjólnum en þó í sitthvorum litnum. Báðar vefja þær belti um mittið en hvorugt að gera eitthvað fyrir þær. Ciara er í fallettri skóm og með aðeins skárri belti en Kim og vinnur því stríðið en hins vegar þurfa þær að hugsa sig vel um næst hvaða belti þær velja við kjólana sína.

Upprennandi Gossip Girl skvísan **Blake Lively** klæðist hérna krúttlegum kjól frá Chanel en það gerir **Alexa Chung** einnig. Bláa og hvíta kjólinn er greinilega bæði hægt að nota sem hversdagslegan kjól en einnig fyrir sérstök tilefni, fer bara eftir því hvort maður klæðist hælum eða flatbotna skóm! Þær púlla kjólinn báðar mjög vel.

Leikkonan snoppufríða **Dianna Agron** er hérna ásamt fyrirsætunni **Amanda Hearst** en þær eru báðar í galakjól frá Carolina Herrera. Nánast hver sem er gæti falið allt sem fela þarf undir þessum mikla kjól! Dianna sigrar Amöndu í þetta sinn en hún er með mun fallettri hárgreiðslu og eyrnalokkarnir hennar gera mikið fyrir heildarlúkkid.

Seiðandi **Eva Mendes** og tælandi **Jenny McCarthy** hljóta að vera með svipaðan smekk þar sem þær hafa báðar laðast að þessum fallega Stella McCartney kjól. Þær eru báðar glæsilegar í kjólnum enda ekki erfitt þar sem þær eru báðar glæsilegar. Eva Mendes vinnur hins vegar keppnina, veskið, skórnir og hárið gerir kjólinn enn betri.



[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)



Chrome Hearts M Baby Gray

Þar sem úrvalið er af sólgleraugum

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK





BROSID ER EKKI ENDILEGA UNDIR GRIMUNNI LIKA

**Íþróttalukkudýrið**  
 Í útlöndum eru ekki brjálaðir aðdáendur liða sem taka að sér að vera lukkudýr í sjálfböðavinnu heldur er þar um launað starf að ræða. Hæfniskröfur í starf íþróttalukkudýrs eru íþróttamannslegt atgervi, hugmyndaauðgi, athyglissýki og gott skopskyn. Hæfileikarík lukkudýr verða oft frægari en liðið sem þau hvetja svo þarna er á ferðinni gott atvinnutækifæri fyrir rétta einstaklinginn.

# Er vinnan að drepa þig?

Þeir sem eru leiðir á starfinu sínu geta huggað sig við að það eru einhverjir sem vinna við að **þefa undir handarkrika** og **athuga kyn kjúklinga**. Listverse.com hefur tekið saman furðulegustu störf heims sem eru því miður til í raunveruleikanum.



VONT EN ÞAÐ VENST

## Handarkrikapefarinn

Næst þegar þú ferð út í búð að kaupa þér svitalyktareyði skaltu hugsa til handarkrikapefara heimsins. Ilmurinn af svitalyktareyðinum var að sjálfsögðu prófaður í þeim aðstæðum sem hann á að virka, í handarkrikum sveittra einstaklinga. Hæfniskröfur handarkrikapefara eru ekki miklar en það er stór ókostur að vera oft með stíflað nef.



VERSTA STARF Í HEIMI (ÓSTADFEST)

## Gubbsafnarinn

Af biturri reynslu þekkjum við flest tilfinninguna sem getur komið upp á fleygiferð í rússíbana. Oftar en ekki þarf einn eða tveir gestir banans að kasta upp og auðvitað þarf einhver að þrifa herlegheitin. Framleiðsla gubbs í skemmtigörðum er því meiri en á venjulegum vinnustöðum og því þarf oft sérstakan starfsmann til að sjá um að vegsummerkin séu ekki út um allan garð. Ekki er vitað hvort sami starfsmaður sjái um þetta óvinsæla starf á hverjum degi í skemmtigörðum heimsins eða hvort ræstitækna skiptist á í skitverkunum.



LÍKLEGA MEÐ TONY SOPRANO Á HÆLUNUM

## Flugvélaupptakari

Þegar ríku kallarnir geta ekki borgað af einkaflugvélunum sínum þarf sérhæfður starfsmaður fjármögnunar fyrirtækisins að koma og gera vélina upptæka. Að sjálfsögðu mætir þar á svæðið flugvélaupptakari og reddar málunum. Viðkomandi þarf að vera mjög fær flugmaður því hann þarf einnig að fljúga vélinni á sinn stað til uppboðs. Starfið getur reynst hættulegt, sérstaklega í Bandaríkjunum, þar sem oft þarf að gera upptækar einkaflugvélar maffíosa eða glæpaforingja svo oft þurfa þessar hetjur að bera vopn með sér í vinnuna.



SPENNAN Í HÁMARKI

## Kjúklingakynstjórinn

Kjúklingakynstjóri athugar og úrskurðar kyn kjúklinga sem eru nýbúinir að klekjast út. Þetta er gert til að hægt sé að senda kjúklingana út í líf sitt. Kjúklingarnir endanna annaðhvort sem hænur til undaneldis eða á matarborðinu. Til að geta orðið kjúklingakynstjóri þarftu að hafa mjúkar hendur, góða sjón og jákvæðni til að líta framhá þeirri staðreynd að þú munir eyða ævi þinni í að skoða kynfæri kjúklinga.





**PERSÓNULEGT MET: 80 HVÍTAR OG EIN BLEIK Á EINUM DEGI**

### Golfkúlusækirinn

Hvað ætli verði um allar golfkúlurnar sem lenda í tjörnum golfvallanna? Þar kemur golfkúlusækirinn sterkur inn. Dýfingar eru þeirra sérgrein enda getur verið mikið mál að kafa eftir litlu hvítu kúlunum í drullugum tjörnum. Starfið er sagt ágætlega launað enda getur það verið áhættusamt. Samkvæmt óáreiðanlegum heimildum Monitor hafa tveir dáið við störf sín sem golfkúlusækjar. Helsti kosturinn við þetta hættulega starf er líklega að eftir vinnu er alltaf hægt að taka nýu holur til að ná sér niður eftir daginn.



**EINS OG ALLIR VITA ER LÍKA NÁTTÚRA Í DÝRUNUM**

### Hlöðufróarinn

Eflaust segir nafnið allt sem segja þarf en hér er kynnt til sögunnar skrítnasta starfið af öllum hér á síðunni. Hlöðufróarinn hefur það fyrir atvinnu að losa um kynferðislega orku húsdýrana á bænum. Tveir möguleikar eru í stöðunni en þróað hefur verið tæki sem sendir örliða rafstrauma upp endaparm dýrsins til að örva það sem flestir nota við störf sín sem hlöðufróarar en svo eru auðvitað þeir sem gera þetta á gamla máttann.



**HANN VILDI VERA HANDAFYRIRSÆTA AÐ EILÍFU**

### Líkamshlutfyrirsætan

Hver man ekki eftir David Duchovny sem handamódelinu í Zoolander? Um er að ræða alvöru starf og auðvitað eru hendur ekki eini líkamshlutinn sem er hægt að skapa sér atvinnu úr. Fyrirsætustörf eru ekki bara fyrir fallega fólkið með fullkomnu líkamshlutana. Oft þurfa fyrirtæki samantvörf af ljótum líkamspörtum svo ef þú ert með afskræmdar neglur eða ógeðslega fætur áttu góðan sjéns á að fá vinnu út á lýtin.



**BESTA VINNA Í HEIMI?**

### Húsgagnaprófarinn

Fjöldi fólks vinnur við að sitja eða liggja í rúmunum og sófum í nokkra klukkutíma til að prófa þægindi viðkomandi húsgagns. Þetta starf hljómar kannski ekki svo illa fyrir letiblóð en með tímanum hlýtur að verða þreytandi að liggja og sitja alla daga. Engar sérstakar hæfniskröfur eru í starfið.



**SNÁKAMJÓLKARAR ERU MEÐ SNÁKATEMJURUM Í VERKALÝÐSFÉLAGI**

### Snákamjólkarinn

Eitur úr snákum er til ýmissa hluta nyttsamlegt, sérstaklega í lækisfræðilegum rannsóknum. Mikið magn af eitri þarf hvert ár til að framkvæma tilraunir á efni og einhverjir þurfa að ná í eitrið. Snákamjólkarar vinna við að ýta vígtönnum snáka ofan í plastglas til að mjólka eitur úr þeim. Þrátt fyrir að starfið virðist afar leiðinlegt geta snákamjólkarar þó huggað sig við að vinnan þeirra gæti bjargað lífi einn daginn og starfsheitið er þínu töff.

# MONITOR TV

Ný myndbönd alla virka daga á mbl.is





## FERILLINN



## James Franco

**Hæð:** 178 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Aron Ralston í *127 Hours*.  
**Staðreynd:** Er doktorsnemi í ensku við Yale-háskóla.  
**Eitruð tilvitnun:** „Veistu, kannski er ég bara hommi.“ (Aðspurður hvort sérstök ástæða væri fyrir því að hann hafi þrisvar leikið homma í kvikmynd).

**1978** Fæðist 19. apríl í Kaliforníu.

**1997** Hættir í **UCLA**-háskóla eftir eins árs nám í ensku, til að gerast leikari.

**1999** Fær fyrsta tækifæri sitt sem leikari í þáttunum **Freaks and Geeks** sem vöktu litla athygli þá en hafa öðlast dygga aðdáendur löngu eftir að sýningu var hætt. Franco hefur sagt að þetta hafi verið ein skemmtilegasta reynsla lífs síns.

**2000** Landar fyrsta kvikmyndahlutverki sínu í rómantísku myndinni **Whatever It Takes**. Marla Sokoloff, þáverandi kærasta hans, leikur á móti honum.

**2001** Leikur **James Dean** í sjónvarpsmynd TNT-stöðvarinnar og hlýtur **Golden Globe verðlaun**. Þetta hlutverk lyftir honum upp á nýtt plan og aðdáendum hans fjölga hratt.

**2002** Tapar fyrir **Tobey Maguire** í baráttunni um hlutverk **Spider-Man** en tekur í staðinn annað hlutverk í sömu mynd.

**2006** Byrjar með núverandi kærustu, **Ahna O'Reilly**. Hefur nám í ensku og skriftum við **UCLA** og klárar 2008. Hefur svo meistaranám í **Columbia-háskóla** sem hann klárar 2010. Stundar nú doktorsnám við **Yale-háskóla**.

**2008** Verður andlit nýjasta íls **Gucci**.

**2009** Er valinn kynþokkafyllsti maður heims af **Salon.com**.

**2011** Er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni **127 Hours**.

## Frumnýningar helgarinnar

### 127 Hours

**Leikstjóri:** Danny Boyle  
**Aðalhlutverk:** James Franco, Amber Tamblyn og Kate Mara.  
**Lengd:** 95 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 8,1 / Metacritic: 8,1 / Rotten Tomatoes: 93%.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Háskólabíó.

Myndin er byggð á sannri sögu fjallgöngukappans Aron Ralston sem féll niður í gljúfur á afskekktum stað í Utah, festi hendina og sat fastur í fimm daga. Í myndinni er fylgst með því hvernig hann reynir að halda sönsum á meðan hann vonast eftir björgun. Hann fer yfir lífshlaup sitt, minningar, vonir og þrár en gerir sér grein fyrir að líklega bíður hans ekkert nema dauðinn. Myndin hefur vakið gríðarlega athygli og verið tilnefnd til sex óskarsverðlauna, þar á meðal fyrir bestu mynd ársins, besta leikstjóra ársins og besta leik í aðalhlutverki.

### I Am Number Four

**Leikstjóri:** D.J. Caruso.  
**Aðalhlutverk:** Alex Pettyfer, Timothy Olyphant og Dianna Agron.  
**Lengd:** 110 mínútur.  
**Dómar:** Engir dómar komnir.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.

Þrjár eru látnir. Hver er sá fjórði? Spennuþrungin hasarmynd um unglínginn John Smith (Pettyfer) sem er á flotta undan miskunnarlausum óvinum sem vilja hann feigan. Hann breytir sífellt auðkennum sínum og flytur á milli borga en í nýjasta heimabænum upplifir hann óvæntar tilfinningar þegar hann verður ástfanginn. Sú reynsla reynist honum áhrifamikil og hefur áhrif á tengsl hann við þá sem deila örlögum hans.

### Blue Valentine

**Leikstjóri:** Derek Cianfrance.  
**Aðalhlutverk:** Ryan Gosling, Michelle Williams og John Doman.  
**Lengd:** 112 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 7,9 / Metacritic: 8,1 / Rotten Tomatoes: 88%.  
**Kvikmyndahús:** Bíó Paradís.

Blue Valentine er saga um ást í nútíð og fortíð. Í myndinni er flakkað í tíma og fylgst með sambandi Dean og Cindy, sem kvöld eitt reyna að bjarga hjónabandi sínu sem er við það að falla saman. Michelle Williams hefur verið tilnefnd til óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni.

### The Way Back

**Leikstjóri:** Peter Weir.  
**Aðalhlutverk:** Ed Harris, Colin Farrell, Jim Sturgess og Saoirse Ronan.  
**Lengd:** 133 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 7,5 / Metacritic: 6,6 / Rotten Tomatoes: 76%.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.

Ævintýramynd sem segir frá flotta fimm fanga úr vinnubúðum sovéska Gúlagsins í Síberíu. Fangarnir koma allir frá sitt hvoru landinu en þótt að úr vinnubúðunum sé komið eru þeir engan veginn hólpnir því þeir þurfa að ferðast í gegnum fimm óvinveitt ríki. Handrit myndarinnar er byggt á bókinni *The Long Walk* sem skrifuð er af pólskum fanga í einum af vinnubúðum Gúlagsins.

EINHER HEFÐI ÞURFT AÐ RÉTTA HONUM HJÁLPARHÖND

James Franco var með afar ljótar tennur þegar hann var krakki. Mamma hans sagði honum að hann yrði að fá teina ef hann ætlaði að verða leikari, sem hann gerði.

## Popp-korn

Handritshöfundur **The King's Speech**, **David Seidler**, hefur alla ævi ætlað sér að gera kvikmynd um konunginn stamandi. Seidler stamaði sjálfur mikið á yngri árum en sigraðist á vandanum fyrir 60 árum síðan. Seidler er 73 ára gamall og segir stamið hafa haft mikil áhrif á æsku sína en tilfinningin sem fylgdi því að ná valdi á tali sínu hafi verið ómetanleg.



Þökk sé velgengni kvikmyndarinnar **Sherlock Holmes** er **Guy Ritchie** kominn í uppáhald hjá **Warner Brothers**. Orðið á götunni er að fyrirtækið vilji fá Ritchie til að leikstýra framhaldi kvikmyndarinnar **300** sem mun bera nafnið **Xerxes**. Sú mynd á að gerast tíu árum fyrir atburði **300** og ná yfir lengra tímabil þar sem fleiri en ein blóðug orrusta verður háð.



**Daniel Radcliffe** sem er þekktastur fyrir að túlka galdratrákinn **Harry Potter** snýr sér að gamanleik í nýjustu mynd sinni, **The Amateur Photographer**. Þar fer Radcliffe með hlutverk ungs ljósmyndara í rólegum bæ á 8. áratugnum sem tekur myndir af lífi bæjarbúa. Hljómar kannski ekki mjög spennandi en það verður forvitnilegt að sjá Harry Potter reyna að vera myndinn.



Leikarinn **Ray Liotta** hefur leikið í heldur óvinsælum myndum að undanfögnu og ber þar helst að nefna hina misheppnuðu **Youth In Revolt** sem fékk litla aðsókn bíógesta. Nú virðist hann ætla að snúa blaðinu við og hefur fengið hlutverk í glæpagrímmyndinni **Cogan's Trade** en ásamt Liotta verða töffararnir **Brad Pitt**, **James Gandolfini**, **Sam Rockwell** og **Richard Jenkins** í aðalhlutverkum.



Leikstjórinn **Tim Burton** hefur fengið ofurskutluna **Michelle Pfeiffer** til að leika í myndinni **Dark Shadows**. Hann er einnig sagður vera að íhuga að hafa eiginkonu sína, **Helenu Bonham Carter**, í myndinni en hún fékk nýverið BAFTA-verðlaun fyrir frábæran leik sinn í **The King's Speech**.



### The Eagle

**Leikstjóri:** Kevin Macdonald.  
**Aðalhlutverk:** Channing Tatum, Jamie Bell, Denis O'Hare og Donald Sutherland.

**Lengd:** 114 mínútur.  
**Dómar:** IMDB: 6,4 / Metacritic: 5,5 / Rotten Tomatoes: 35%.  
**Aldurstakmark:** 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó.

Árið er 140 eftir Krist og ungur hundraðshöfðingi, **Marcus Aquila** (Tatum), er mættur frá Róm til Englands, sem enn er undir yfirráðum Rómverja, til að rannsaka dularfullt hvarf heillar herdeildar Rómarmeisara í Skotlandi 20 árum áður. Um leið vonast hann til að bjarga arfleið föður síns sem var herforingi deildarinnar. Á leiðinni verða ýmsar ógnir á vegi hans og þræls hans.



### Big Mommas: Like Father, Like Son

**Leikstjóri:** John Whiteshell  
**Aðalhlutverk:** Martin Lawrence, Brandon T. Jackson, Max Casella, Portia Doubleday og Michelle Ang.  
**Lengd:** 107 mínútur.

**Dómar:** Engir dómar komnir.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum aldurshópum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó og Háskólabíó.

Hinn 17 ára **Trent** (Brandon T. Jackson) verður vitni að morði. Í kjölfar þess ákveður faðir hans, FBI-löggan **Malcolm** (Martin Lawrence), að tími sé kominn til að dusta rykið af Stóru mömmu, og bregður sér í líki hennar. Trent dulbýr sig sem **Charmaine** og saman skrá þeir sig í listaháskóla fyrir stelpur í þeirri von um að komast á snóðir um morðingjann.





# Fimm fóbíumyndir

Þjáist þú af **fóbíu**? Ef ekki þá geturðu verið viss um að einhver fóbía hreiðri um sig í þér ef þú horfir á eina af þessum sex **fóbíumyndum**. Óhætt er að mæla með þeim öllum.

## Buried (2010)

*Claustrophobia* - ótti við að vera grafinn lifandi

Það er fátt annað hægt en að grípast sturlandi ótta eftir að hafa fylgst með Ryan Reynolds í 95 mínútur í hlutverki bandarískis verktafa í Irak sem vaknar upp í kistu eftir að hafa orðið fyrir árás íraskra skæruliða. Með síma og kveikjara að vopni verður hann að vinna hratt ef hann ætlar að bjarga sér úr þessari skelfilegu dauðagildru.



## The Truman Show (1998)

*Aquaphobia* - ótti við að drukkna

Sjónvarpsþáttastjórnandinn sem leikstýrir lífi Trumans þarf ekki raunverulega vegg til að halda viðfangsefnum í skefjum því honum hefur tekist að láta hann óttast hafid meira en allt. Á meðan áhorfendur vonast til að Truman taki nú á honum stóra sínum en þeir sem deila ótta hans skilja að það er hægara sagt en gert.



## Vertigo (1958)

*Acrophobia* - lofthræðsa


Þetta er líklega ein þekktasta fóbíu-kvikmynd fyrr og síðar en Alfred Hitchcock var sem kunnugt er mikill meistari í að hræða áhorfendur. Aðalsöguhetjan uppgötvar lofthræðslu sína þegar hann er sjálfur næstum fallinn fram af húspaki. Í kjölfarið gerast dularfullir hlutir og hann sér fólk hrapa til dauða hvert sem hann lítur. Þessi mynd er matróð lofthræddra.



## American Beauty (1999)

*Homophobia* - hræðsla við samkynhneigða

Í þessari mynd þjáist nágranni aðalsöguhetjunnar af mikilli hræðslu við breytingar og það sem hann þekkir ekki, og kemur sú hræðsla sterkt fram í hræðslu við homma. Sú fóbía reynist hins vegar mögulega eiga sér rætur í einhverskonar sjálfshræðslu. Þessi mynd tekur því, meðal annars, á fóbíu sem er óeðlilega útbreidd en þó á undanhaldi.



## Arachnophobia (1990)

*Arachnophobia* - hræðsla við köngulær

Þessi órlítið kjánalega hryllingsmynd tekur á einni útbreiddustu fóbíu sem til er, enda eru köngulær með eindæmum óvinsæl kvikindi. Hjónin Molly og Jeff þjáist af köngulóahræðslu en þær köngulær sem á endanum gera árás á bæinn þeirra eru líka baneitraðar og óttinn því á rökum reistur.



## What About Bob? (1991)

*Ýmsar fóbíur*

Bill Murray leikur mann sem lifir þeirri martröð að vera hræddur við næstum því allt, ekki síst sýkla, myrkur, hæð og vatn. Í myndinni kemur líka vel fram að fóbíur eru ekki aðeins vandamál fyrir þolandann sjálfan heldur líka fólkid í kring. Það er samt örugglega ekki til verri fóbía en fóbía við allt.



## KVIKMYND

### True Grit

MAAAA

**Leikstjóri:** Ethan Coen og Joel Coen.

**Aðallutverk:** Jeff Bridges, Matt Damon og Hailee Steinfeld.

**Lengd:** 110 mínútur.

**Dómar:** IMDB: 8,2 / Metacritic: 8,0 / Rotten Tomatoes: 95%.



BRIDGES OG STEINFELD ERU LÍKLEGIR ÓSKARSKANDÍDATAR

## Coen-bræður klikka ekki

Ég hef alltaf verið hrikalega veikur fyrir vestrum. Fistful of Dollars og Butch Cassidy and the Sundance Kid fara þar fremstar í flokki. True Grit er endurgerð á mynd frá árinu 1969 en þá fór John Wayne með aðallutverkið. Ég hef ekki séð þá mynd og því mun ég ekki bera þessar tvær saman. Ég ætla ekki að fara að rekja söguþráðinn í smáatriðum en myndin snýst fyrst og fremst um hefnd.

Það sem er best við True Grit er hvað hún er vel leikin. Hailee Steinfeld er virkilega góð sem hin ákveðna Mattie Ross og Josh Brolin er einnig frábær. Brolin hefði reyndar mátt fá mun meiri tíma fyrir framan myndavélina. Það var einnig gaman að sjá Barry Pepper aftur en hann hefur ekkert sést í nokkur ár. Það var svolítið sérstakt að sjá Matt Damon í þessari mynd. Einhvern veginn er hann ekki þannig leikari sem Coen-bræður myndu nota en ég ætla svosem ekki að fara að kenna þeim að velja í hlutverk.

### Leikur Jeff Bridges ekki í lélegri mynd?

Það verður að minnast á frábæra frammistöðu Jeff Bridges en hann leikur drykkjumanninn Rooster Cogburn. Bridges er löngu búinn að festa sig í sessi sem einn besti leikarinn í Hollywood í dag og það er ekki skrítið að hann sé tilnefndur til óskarsverðlauna fyrir þessa frammistöðu. Hann hefur náð töluvert lengra en bróðir sinn Beau Bridges sem allir ættu að þekkja. Ef þeir bræðurnir fara í einhvern meting heima yfir matarborðinu þá held ég að Jeff vinni það nokkuð örugglega.

True Grit er ekki besta mynd Coen-bræðra en hún er engu að síður frábær mynd sem allir kvikmyndunnendur verða að sjá. Ég er því miður ekki í óskarsakademíunni en mér finnst ólíklegt að True Grit sanka að sér verðlaunum þetta árið. Það er þá helst að Hailee Steinfeld eða Jeff Bridges taki gripinn með sér heim.

Tómas Leifsson

**20% fleiri innifaldar mínútur og SMS í farsíma**

Þú færð meira, meira eða miklu meira í Vodafone Gull

Skráðu þig í 1414 strax í dag

*power to you*

vodafone.is



**FAKTÓRÝ**  
Útgáfutónleikar Prins Póló  
fimmtudagskvöld 17. feb.  
22:00



## Húmor æskilegur

„Þeir sem hafa húmor fyrir þessu eiga örugglega eftir að skemmta sér vel, en áhorfendur mega búast við alltof langdregnu prógrammi og löngum og leiðinlegum sögum þess á milli,“ segir hinn hógverri Svavar Pétur Eysteinnsson, forspraki Prins Póló, um útgáfutónleika hljómsveitarinnar en þar verða næstum öll lögín af plötunum Einn heima og Jukk tekin en báðar hlutu mikið lof.

Svavar segir sveitina nú loksins búna að ná utan um öll lögín en það hafi verið nokkuð strembið. „Það er gaman að sjá þetta gerast og við erum aðallega að gera þetta fyrir okkur sjálf, en þetta verður skemmtilegt,“ segir hann.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22 á fimmtudagskvöld á Faktóry og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

# fílófaxið

fimmtudagur 17 feb

### AGENT FRESCO

**21:00** Austurbær Agent Fresco halda tónleika til að fagna útgáfu plötu sinnar, A Long Time Listening. Miðaverð í forsölu á Mídi.is er 1.500 krónur en 2.000 krónur við innganginn. Húsið opnar klukkan 20 en tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 21.

### LIGHTS ON THE HIGHWAY

**22:00** Sódóma Hljómsveitin Lights on the Highway spilar á Sódómu og tónlistarmaðurinn Arnar Ingi (The Johnny Cash Kid) hitar upp. Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir hefjast klukkan 22. Miðaverð er 1.000 krónur.

### VIGNIR SNÆR OG JÓGVAN

**22:00** B5 Tónlistarmennirnir Vignir Snær og Jógvan Hansen taka nokkur hressandi lög fyrir viðstadda. Aðgangur er ókeypis.

### INGÓ VEÐURGUD

**22:00** Café Oliver Trúbadorinn Ingó, oft kallaður Veðurgud, heldur uppi fimmtudagsstemningu á Oliver.

### NÝLIÐAUPPISTAND

**22:00** Næsti bar Nokkrir nýir uppstandarar verða kynntir til leiks á nýliðauppistandskvöldi á Næsta bar. Aðgangur er ókeypis.

föstudagur 18 feb

### KÆRI HJÓNABANDS-RÁÐGJAFI

**22:00** Café Rósenberg Leikhúpurinn Vanir menn sýna gamanleikverk Harðar Benónýssonar, með tónlist Sigurðar Illuga-sonar. Verkið verður sýnt bæði föstudags- og laugardagskvöld klukkan 22. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

### 90S KVÖLD SONIC

**00:00** Faktóry Útvarpsþátturinn Sonic heldur tryllt 90's kvöld á Faktóry. Hvatt er til klæðnaðar í samræmi við þemað. Aðgangur er ókeypis.

**Bólurnar burt!**  
"Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®"  
Vanessa Williams  
www.heilsubudin.is

# LOKAPRÓFIÐ

| 17. febrúar 2011 |  
**MONITOR**  
skólinn

Ég heiti Hreimur Óur

Þú veist hver ég er af því að Lífur er yndislegt, Dreymir, Asterfen, Vöðvasteltur, Terlín, Vindur, Örnugne, Jón mín er sú, Brim og Bóluföll.

Ef þið voruð að velja því fyrir ykkur hvort það kemur til greina að skíra Eurovision-lagið Aftur Hreim, þá er svarið:

- a) Já, það hljómar betur.
- b) Kannski. Ætla að hugsa málið.
- c) Nei, alls ekki.
- d) Ég syng það alltaf þennig er best ekki þennig....

Besta Eurovision-lag allra tíma er Those were the days

í flutningi Mary Hopkin sem er frá Great Britain eða Little Britain.

Það kemur kannski á óvart en

- a) Ég hef alltaf þróað að keppa í Eurovision.
- b) Ég heiti ekki Hreimur, ég heiti Heimir.
- c) Ég hef aldrei farið á þjóðhátíð.
- d) Ég stama eins og George VI í King's Speech.
- e) ef ég er vel í gleri

Uppáhaldshljómsveitin mín er Pearl Jam og lagið Elderly Women behind the counter ma... með þeim fær mig til að gera eitthvað gott.

Það má búast við endurkomu Lands og sona

- a) Á þessu ári.
- b) Eftir 1-3 ár.
- c) Eftir 5-7 ár.
- d) Eftir 10-15 ár.
- e) Aldrei.

Það sem fáir vita um mig er fótt, ég er einbaldur gaur, mjög... og ég er Batman... ja...

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Hreimur Óur

Þegar ég syng „Lífur er yndislegt“ hugsa ég um:

- ✓ a) 18.000 manns í Dalnum.
- ✓ b) Konuna mína.
- ✓ c) Litla sæta hvolpa.
- ✓ d) Lífur eins og það leggur sig.
- e) \_\_\_\_\_

Besta lagið með Landi og sonum er að sjálfsögðu

- a) Terlín
  - ✓ b) Vöðvasteltur
  - c) Von mín er sú
  - d) Dreymir
  - e) Ástarfár
- Af því að allir bygja ef dansa annars er þetta "Örnugne"

Uppáhaldsmat-urinn minn er Kjöt - Súpa

en ég kúgast við tilhugsunina um að borða Chicken Carpaccio

Uppáhaldshreimurinn minn er?

- a) Dani að tala ensku.
- ✓ b) Þjóðverji að tala ensku.
- c) Frakki að tala ensku.
- d) Skoti að tala dönsku.
- e) \_\_\_\_\_

Dasselladuff

Þegar það verður gerð bíómynd um ævi mína vil ég fá \_\_\_\_\_

Hilmi Snær

til að leika mig. Líklega verður það samt \_\_\_\_\_

Justin Timb...

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa \_\_\_\_\_


Loksing er gr kominn á Facebook!!!



# Síðast en ekki síst

» Magnús Júlíusson, formaður Stúdentafélags HR, fílar:

**Kvikmynd** Myndin um einka-dýraspæjarann **Ace Ventura** er í miklu upphaldi enda er **Jim Carrey** besti grínleikari allra tíma. Hann er einkar laginn við að kitle hláturtaugarnar!



**Sjónvarpsþáttur** **Two And A Half Men** eru klárlega málið í dag. Ljónharðir þættir þar sem **Charlie Sheen** sýnir hvernig alvöru karlmenn eiga að lifa lífinu. Malibu, sól, fallegar konur og peningur, þarf eitthvað fleira?



**Bók** Ég hef ekki þótt lunkinn í kvennamálum en eftir að ég fékk bókina **Mannasiðir Gillz** í jólagjöf urðu straumhvörf í mínu lífi. Þar að auki hef ég lært að umgangast rauðhærða og á í dag tvo svarta vini!



**Plata** Nýja skífan með **Kanye West, My Beautiful Dark Twisted Fantasy** er eitthvað sem ég get gripið í hvar og hvenær sem er. Ef ég væri rappari væri Kanye fyrirmyndin mín!



**Vefsíða** **YouTube** er mjög töff concept og ég nota síðuna ekki bara til þess horfa á tónlist-armyndbönd heldur líka myndbönd sem tengjast verkfræðináminu sem ég stunda.

**Staður** Fátt er skemmtilegra en að detta á **Ölstofuna** á föstudegi í góðra vina hópi. Við vinirnir erum sennilega þeir einu sem versla ofurstaupið **Irish Carbomb** en það ættu allir að smakka á lífsleiðinni!





AMERICAN EXPRESS OG KANINN KYNNA:



Einar Ágúst frá 10:00  
alla virka morgna

Þor Bæring frá 07:00  
alla virka morgna

STILLTU STRAX Á  
KANANN FM100.5  
FINNDU FERSKLEIKANN!

facebook

# VIÐ GEFUM ÞÉR MÖRG HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNUR ALLAN FEBRÚAR

Í NÆSTU VIKU OG ÞAR NÆSTU VIKU OG ÞAR, ÞAR NÆSTU  
VIKU OG SVO VIKUNA EFTIR ÞAÐ OG EKKI NÓG MEÐ ÞAÐ  
HELDUR VIKUNA Í KJÖLFARIÐ Á ÞVÍ LÍKA !!

HÆTTU AÐ LESA NÚNA OG STILLTU Á KANANN FM100.5



## KANINN FM 100.5

KANINN - BESTA TÓNLISTIN, FRÉTTIR OG SKEMMTILEGASTA FÓLKID  
SKEIFAN 7 - 3. HÆÐ - 108 REYKJAVÍK - 571 1110 - KANINN@KANINN.IS



Samsung GALAXY 5



**Vertu með Netið  
í símanum!**  
**0 kr. á föstudögum í febrúar.\***



[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)

VERTU MEÐ

\*Gildir um allt niðurhal í farsíma á Íslandi, 100 MB innan dagsins.